



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands, um bættu nýtingu á bílastæðahúsum eftir miðnætti (US220172)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Bílastæðin sem eru einkastæði/frátekin fyrir ráðuneytisfólk: Hvað, ef eitthvað, hindrar að nýta betur bílastæði við Lindargötu við ráðuneyti, séu opin til nýtingar fyrir íbúa götunnar að kvöld-/næturlagi, eða utan hefðbundins vinnudags?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. ágúst sl.

Svar:

Við Lindargötu eru tvö stæði merkt ráðherra og eru þau ætluð annars vegar fjármálaráðherra og hins vegar vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Haft var samband við Umbra, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins. Þar sem að störf ráðherra eru þess eðlis að þau eru ekki bundin við hefðbundin skrifstofutíma og ráðherrar eru því að koma og fara á ýmsum tíma sólarhringsins óska ráðuneytin eftir því að stæðin séu frátekin utan hefðbundins vinnudags.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri